

REGLUGERÐ

124

16. sept.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjahöfn, nr. 79 27. apríl 1950.

1. gr.

a-liður 14. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Allar fleytur, sem heima eiga í Vestmannaeyjum, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 1. maí, 40 krónur fyrir hvert tonn af brúttóstærð skipsins eða fleytunnar, þó aldrei minna en 300 krónur.

Aðkomubátar og skip, sem stunda fiskveiðar frá Vestmannaeyjum, og liggja á Innri höfn, greiði 10 krónur fyrir hvert tonn af brúttóstærð fyrir hvern mánuð, þó aldrei minna en 300 krónur fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði.

2. gr.

Aftan við 35. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Skipagjöld samkvæmt reglugerð þessari eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipum og ganga þau fyrir hvers konar samningsveðum næstu tvö ár eftir gjalddaga.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, um breyting á þeim lögum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. september 1958.

Eysteinn Jónsson.

Brynj. Ingólfsson.

REGLUGERÐ

125

17. sept.

um breyting á reglugerð um reiðhjól með hjálparvél, nr. 82 5. júlí 1955.

1. gr.

Í stað orðanna „skal þá greiða kr. 25.00 í skoðunargjald“ í 3. gr. komi: skal þá greiða kr. 40.00 í skoðunargjald.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958, öðlast gildi þegar í stað.

Í dómsmálaráðuneytinu, 17. september 1958.

F. h. r.

E. u.

Elías Elíasson.